

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 267/2010

2010/EES/56/20

frá 24. mars 2010

um beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða á sviði váttrygginga (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

- sameiginlegar tryggingar fyrir tiltekna áhættuflokka,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

- tjónauppgjör,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1534/91 frá 31. maí 1991 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða á sviði váttrygginga ⁽¹⁾, einkum a-, b-, c- og e-lið 1. mgr. 1. gr.,

- prófun og viðurkenningu á öryggisbúnaði,

að birtum drögum að þessari reglugerð,

- skráningu og upplýsingar um aukna áhættu.

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu,

- 2) Samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 1534/91 samþykkti framkvæmdastjórnin reglugerð (EB) nr. 358/2003 frá 27. febrúar 2003 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða á sviði váttrygginga ⁽²⁾. Reglugerð (EB) nr. 358/2003 fellur úr gildi 31. mars 2010.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð (EBE) nr. 1534/91 veitir framkvæmdastjórninni umboð til að beita, með reglugerð, 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins ⁽²⁾ gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða á sviði váttrygginga, sem hafa að markmiði samstarf að því er varðar:

- ákvörðun um sameiginlegan taxa fyrir váttryggingaiðgjöld, sem byggist á sameiginlegri gagnasöfnun eða fjölda bótakrafna,
- ákvörðun um sameiginlega, staðlaða váttryggingaskilmála,

- 3) Samningar varðandi uppgjör bótakrafna og skráningu og upplýsingar um aukna áhættu njóta ekki undanþágu samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 358/2003. Framkvæmdastjórnin taldi að hana skorti fullnægjandi reynslu í meðferð einstakra mála til að geta nýtt sér það vald sem henni er falið með reglugerð (EBE) nr. 1534/91 á þessum sviðum. Þessar aðstæður hafa ekki breyst. Auk þess er ekki rétt, þótt reglugerð (EB) nr. 358/2003 veiti undanþágu frá því að settir séu almennir váttryggingaskilmálar og prófun og samþykki öryggisbúnaðar, að þessi reglugerð geri það að teknu tilliti til endurskoðunar framkvæmdastjórnar á beitingu reglugerðar (EB) nr. 358/2003, sem leiddi í ljós að ekki var lengur nauðsynlegt að fella slíka samninga inn í reglugerð sem varðar hópundanþágu á tilteknu sviði. Þegar svo háttar til að þessir tveir flokkar samninga eru ekki bundnir sviði váttrygginga og, eins og endurskoðunin leiddi í ljós, geta einnig valdið tilteknum áhyggjum varðandi samkeppni, er fremur við hæfi að slíkt falli undir sjálfsmat.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 83, 30.3.2010, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/2010 frá 30. apríl 2010 um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 37, 15.7.2010, bls. 27.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 143, 7.6.1991, bls. 1.

⁽²⁾ Frá og með 1. desember 2009 telst 81. gr. stofnsáttmála Evrópu-bandalaganna vera 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Þessar tvær greinar eru efnislega eins. Að því er þessa reglugerð er litið á vísanir í 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins sem vísanir í 81. gr. EB-sáttmálans, eftir því sem við á.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 53, 28.2.2003, bls. 8.

- 4) Eftir samráð við almenning, sem hófst 17. apríl 2008, samþykkti framkvæmdastjórnin 24. mars 2009 skýrslu til Evrópuþingsins og ráðsins varðandi beitingu reglugerðar (EB) nr. 358/2003 (skýrslan) ⁽¹⁾. Í skýrslunni sem fylgir vinnuskjalinu (hér eftir nefnt vinnuskjal) voru lagðar til bráðabirgðabreytingar á reglugerð (EB) nr. 358/2003. Hinn 2. júní 2009 hélt framkvæmdastjórnin almennan fund um niðurstöður og tillögur í skýrslunni og vinnuskjalinu með hagsmunaaðilum, þ.m.t. fulltrúar af váttryggingasviðinu, neytendasamtök og innlend samkeppnisyfirkvöld.
- 5) Þessari reglugerð er ætlað að tryggja skilvirka samkeppnisvernd og veita neytendum ávinning og fyrirtækjum viðunandi réttaröryggi. Til þess að ná þessum markmiðum er rétt að taka tillit til reynslu framkvæmdastjórnarinnar á þessu sviði, og árangurs af því samráði sem leiddi til þess að þessi reglugerð var samþykkt.
- 6) Samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 1534 /91 skal, í undanþágureglugerð framkvæmdastjórnarinnar, skilgreina þá flokka samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða sem hún tekur til, tilgreina takmarkanir eða ákvæði sem heimilt er eða óheimilt að hafa í samningum, ákvörðunum og samstilltum aðgerðum, og tilgreina ákvæði, sem á að setja í samninga og ákvarðanir og sett eru vegna samstilltra aðgerða, eða önnur skilyrði sem ber að uppfylla.
- 7) Engu að síður er við hæfi að halda áfram þeirri aðferð sem notuð er í reglugerð (EB) nr. 358/2003, að leggja áherslu á að skilgreina þá flokka samninga sem eru undanþegnir ef tiltekinni markaðshlutdeild hefur ekki verið náð og tilgreina hvaða takmarkanir eða ákvæði mega ekki vera í slíkum samningum.
- 8) Ávinningurinn af hópundanþágu, sem tekinn er upp með þessari reglugerð, skal takmarkast við þá samninga sem telja má nokkuð víst að fullnægi skilyrðum 3. mgr. 101. gr. sáttmálans. Að því er varðar beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans með reglugerð er ekki nauðsynlegt að skilgreina þá samninga sem geta fallið undir 1. mgr. 101. gr. sáttmálans. Jafnframt er ekki gengið út frá því að samningar sem ekki njóta góðs af þessari reglugerð annaðhvort falli undir 1. mgr. 101. gr. sáttmálans eða standist ekki skilyrðin sem kveðið er á um í 3. mgr. 101. gr. sáttmálans. Við mat á einstökum samningum, sem falla undir 1. mgr. 101. gr. sáttmálans, ber að taka tillit til ýmissa þátta, einkum gerðar viðkomandi markaðar.
- 9) Samstarf milli váttryggingafélaga eða innan samtaka fyrirtækja um samantekt upplýsinga (sem geta einnig falið í sér einhverja tölfraðilega útreikninga) til útreiknings á meðalkostnaði váttryggingar vegna tiltekinnar áhættu í fortíðinni, eða, þegar um er að ræða líftryggingar, um töflur yfir dánartíðni eða tíðni veikinda, slysa og örorku, gerir þeim kleift að auka þekkingu sína á áhættunni og auðveldar áhættumat hjá einstökum félögum. Þetta getur síðan auðveldað markaðsaðgang og þar með komið neytendum til góða. Sama gildir um sameiginlegar rannsóknir á mögulegum áhrifum framandi aðstæðna, sem geta haft áhrif á fjölda bótakrafna eða það hversu háar þær eru, eða ágóða af mismunandi tegundum fjárfestinga. Nauðsynlegt er þó að sjá til þess að slíkt samstarf sé einungis undanþegið að því marki sem nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum. Því er rétt að mæla sérstaklega fyrir um að samningar um iðgjöld til atvinnurekstrar séu ekki undanþegin. Iðgjöld til atvinnurekstrar geta verið lægri en þær fjárhæðir, sem niðurstöður samantekta, taflna eða viðkomandi rannsókna gefa til kynna, því að váttryggingafélög geta notað tekjur af fjárfestingum til þess að lækka iðgjöld sín. Enn fremur skulu viðkomandi samantektir, töflur eða rannsóknir vera valfrjáls og einungis til viðmiðunar. Þessi reglugerð nær ekki til skipta á upplýsingum sem ekki eru nauðsynlegar til þess að ná markmiðunum sem um getur í þessari forsendu.
- 10) Enn fremur hafa váttryggingafélög þeim mun meira svigrúm til að sundurgreina brúttóiðgjöld sín, þegar þau eru reiknuð út, sem þeir flokkar tölfraðilegra upplýsinga um fyrri kostnað við að váttryggja gegn tiltekinni áhættu eru hafðir þrengri. Því er rétt að sameiginlegar samantektir á kostnaði við áhættur fram að þeim tíma séu undanþegnir, að því tilskildu að tiltækar, tölfraðilegar upplýsingar séu veittar eins sundurliðaðar og aðgreindar og telst viðunandi frá tryggingafræðilegu sjónarmiði.
- 11) Auk þess er aðgangur að sameiginlegum samantektum, töflum og niðurstöðum rannsókna nauðsynlegur bæði fyrir þau váttryggingafélög sem eru virk á viðkomandi landfræðilegum markaði eða vörumarkaði og þau sem hyggjast fara inn á þann markað. Á sama hátt getur aðgangur að slíkum samantektum, töflum og niðurstöðum rannsókna gagnast neytendasamtökum eða samtökum viðskiptavina. Váttryggingafélög, sem eru ekki enn virk á viðkomandi markaði og samtök neytenda eða viðskiptavina, þurfa að fá aðgang að slíkum samantektum, töflum og niðurstöðum rannsókna með sanngjörnum, aðgengilegum skilmálum og án mismununar í samanburði við váttryggingafélög sem fyrir eru á þeim markaði. Slíkir skilmálar gætu t.d. falið í sér skuldbindingu af hálfu váttryggingafélags, sem starfar ekki enn á markaðnum, um að veita tölfraðilegar upplýsingar um bótakröfur ef það skyldi koma inn á markaðinn, einnig gæti verið um að ræða aðild að þeim samtökum váttryggingafélaga sem standa að

⁽¹⁾ COM(2009) 138.

samantektunum. Undantekningu frá kröfunni um að veita neytendasamtökum og samtökum viðskiptavina aðgang er hugsanlega hægt að gera á grundvelli almannaöryggis, t.d. þegar upplýsingarnar tengjast öryggiskerfi kjarnorkuvera eða veikleikum flóðavarna.

- 12) Áreiðanleiki sameiginlegra samantekta, taflna og rannsókna eykst eftir því sem þau byggjast á fleiri tölfraðilegum upplýsingum. Innan váttryggingafélaga með mikla markaðshlutdeild geta fallið til nægilegar, tölfraðilegar upplýsingar til þess að gera þeim kleift að gera áreiðanlegar samantektir, en félög með litla markaðshlutdeild munu ekki geta lagt fram slíkar tölfraðilegar upplýsingar og því síður ný félög á markaði. Leggi öll váttryggingafélög á markaði, þ.m.t. stóru félögin, til upplýsingar til sameiginlegra samantekta, taflna og rannsókna stuðlar það að aukinni samkeppni með því að hjálpa minni váttryggingafélögum og auðveldar markaðsaðgang. Með hliðsjón af þessari sérstöðu váttryggingasviðsins er ekki rétt að undanþágur frá sameiginlegum samantektum, töflum og rannsóknum séu háðar viðmiðunarmörkum markaðshlutdeilda.
- 13) Samsteypur um samtryggingar eða samendurtryggingar geta, við sérstakar, takmarkaðar aðstæður, gert aðildarfyrirtækjum sem eru aðilar að samsteypunni kleift að bjóða váttryggingar og endurtryggingar gegn áhættu, sem þau byðu annars einungis ófullnægjandi tryggingu gegn ef samsteypan væri ekki fyrir hendi. Slíkar samsteypur leiða yfirleitt ekki til samkeppnishömlu í skilningi 1. mgr. 101. gr. sáttmálans og eru því ekki bannaðar samkvæmt honum.
- 14) Samsteypur samtrygginga eða samendurtrygginga geta gert váttryggjendum og endurtryggjendum kleift að leggja fram váttryggingu eða endurtryggingu, jafnvel þótt samsteypufyrirkomulagið gangi lengra en þarf til þess að ganga úr skugga um að trygging taki til slíkrar áhættu. Þó geta slíkar samsteypur haft í för með sér samkeppnishömlur eins og stöðlun á váttryggingaskilmálum og jafnvel jöfnun váttryggingafjárhæða og iðgjalda. Því ber að mæla fyrir um aðstæður þar sem slíkar samsteypur geta notið góðs af undanþágu.
- 15) Að því er varðar alveg nýja áhættu er ómögulegt að vita fyrir fram hvers konar samningsáskriftarskilyrði þarf að uppfylla til að tryggja gegn áhættunni, eða hvort tveir eða fleiri slíkar samsteypur gætu boðið samhliða þessa sérstöku tegund tryggingar. Samnýtingarfyrirkomulag, sem einungis er ætlað fyrir samtryggingar eða samendurtryggingar gegn þessari nýju áhættu (ekki samsetningu nýrrar áhættu og áhættu sem er fyrir hendi), getur þar af leiðandi notið undanþágu í takmarkaðan tíma án viðmiðunarmarka fyrir markaðshlutdeild. Þrjú ár ættu að vera nægilegur tími til að safna fullnægjandi, eldri upplýsingum um bótakröfur til að hægt sé að meta hvort þörf sé á samsteypu.
- 16) Áhætta sem var ekki fyrir hendi áður skal teljast til nýrrar áhættu. Í undantekningartilvikum getur þó áhætta talist ný áhætta þegar hlutlæg greining getur til kynna að eðli áhættunnar hefur breyst svo efnislega að ekki er ljóst fyrir fram hvaða samningsáskriftarskilyrði þarf að uppfylla til að tryggja gegn áhættunni.
- 17) Að því er varðar áhættu, sem er ekki ný, geta samsteypur um samtryggingar og samendurtryggingar, sem fela í sér samkeppnishömlur, við tiltekna, takmarkaðar aðstæður, falið í sér ávinning, sem réttlætir undanþágu frá 3. mgr. 101. gr. sáttmálans, jafnvel þótt tveir eða fleiri váttryggingaaðilar í samkeppni gætu komið í stað þeirra. Þeir geta t.d. orðið til þess að aðildarfyrirtæki öðlist nauðsynlega reynslu á viðkomandi váttryggingasviði og stuðlað að kostnaðarlækkun eða lægri iðgjöldum til atvinnurekstrar með sameiginlegum endurtryggingum með hagstæðum skilmálum. Þó er nauðsynlegt að takmarka undanþágur við samninga sem veita fyrirtækjunum ekki færi á að útiloka samkeppni að því er varðar verulegan hluta þeirrar vöru sem um er að ræða. Neytendur geta því aðeins haft raunverulegan ávinning af samsteypum að næg samkeppni ríki á þeim mörkuðum þar sem slíkar samsteypur starfa. Þetta skilyrði telst uppfyllt þegar markaðshlutdeild samsteypu helst innan við tiltekin viðmiðunarmörk og má því reikna með raunverulegri eða hugsanlegri samkeppni frá fyrirtækjum sem ekki starfa með samsteypunni.
- 18) Rétt er því að veita öllum slíkum samsteypum um samtryggingu og samendurtryggingu, sem hafa verið til í þrjú ár eða lengur eða voru ekki stofnaðar til að tryggja gegn nýrri áhættu, undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, að því tilskildu að sameiginleg markaðshlutdeild hlutaðeigandi fyrirtækja fari ekki yfir tiltekin viðmiðunarmörk: Viðmiðunarmörk fyrir samtryggingasamsteypur skulu vera lægri vegna þess að samtryggingasamsteypur geta falið í sér samræmda váttryggingaskilmála og iðgjaldgreiðslur í atvinnurekstri. Þegar meta á hvort samsteypa uppfylli skilyrði um markaðshlutdeild skal taka tillit til samtals markaðshlutdeilda hlutaðeigandi fyrirtækja. Markaðshlutdeild hvers samstarfsfyrirtækis byggist á samtals tekjum af brúttóiðgjöldum þess fyrirtækis, bæði innan og utan samsteypu á sama viðkomandi markaðsgeira. Þessar undanþágur gilda þó einungis ef viðkomandi samsteypa uppfyllir frekari skilyrði, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, sem er ætlað að halda samkeppnishömlum milli samstarfsfyrirtækja í samsteypunni í lágmarki. Í slíkum tilvikum er sérstakrar greiningar þörf til þess að ákvarða hvort skilyrðunum sem kveðið er á um í þessari reglugerð sé fullnægt.
- 19) Til þess að greiða fyrir gerð samninga, sem geta haft í för með sér verulegar fjárfestingarárvarðanir, er rétt að láta reglugerðina gilda í sjö ár.

- 20) Framkvæmdastjórninni getur afturkallað þann ávinning, sem hlýst af þessari reglugerð, skv. 1. mgr. 29. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans⁽¹⁾, ef hún telur að í einhverju tilteknu tilviki hafi samningur sem undanþágur, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, gilda um, engu að síður áhrif sem samrýmast ekki 3. mgr. 101. gr. sáttmálans.
- 21) Samkeppnisyfirlald aðildarríkis getur afturkallað ávinning af þessari reglugerð skv. 2. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003 að því er varðar yfirlaðasvæði þess aðildarríkis, eða hluta þess, í sérstökum tilvikum þar sem samningur, sem undanþágurnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð gilda um, hafa eigi að síður áhrif sem samrýmast ekki 3. mgr. 101. gr. sáttmálans á yfirlaðasvæði aðildarríkisins eða hluta þess, þegar slíkt yfirlaðasvæði hefur öll einkenni sérstaks landfræðilegs markaðar.
- 22) Þegar ákvarða þarf hvort afturkalla eigi ávinning af þessari reglugerð skv. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003 skipta höfuðmáli þau samkeppnishamlandi áhrif sem leitt getur af tengslum milli samtryggingar- eða samendurtryggingasamsteypu og/eða samstarfsfyrirtækja innan þeirra og annarra samsteypa og/eða samstarfsfyrirtækja innan þeirra á sama viðkomandi markaði.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

SKILGREININGAR

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „samningur“: samningur, ákvörðun samtaka fyrirtækja eða samstillt aðgerð,
2. „samstarfsfyrirtæki“: fyrirtæki sem eiga aðild að samningi sem og tengd fyrirtæki þeirra,
3. „tengd fyrirtæki“:
 - a) fyrirtæki þar sem samningsaðili, beint eða óbeint:

- i. ræður yfir meirihluta atkvæðisréttar eða
- ii getur skipað meira en helming fulltrúa í yfirstjórn eða framkvæmdastjórn félagsins eða hjá aðilum sem koma fram fyrir hönd fyrirtækisins eða
- iii. hefur rétt til að stýra rekstri fyrirtækisins,
- b) fyrirtæki sem hafa, beint eða óbeint, einhver þau réttindi eða völd, sem um getur í a-lið, í fyrirtæki sem á aðild að samningnum,
- c) fyrirtæki þar sem fyrirtæki, sem um getur í b-lið, hefur, beint eða óbeint, þau réttindi eða völd sem tilgreind eru í a-lið,
- d) fyrirtæki þar sem samningsaðili og eitt eða fleiri fyrirtækjanna, sem eru talin upp í a-, b- eða c-lið, eða þar sem tvö eða fleiri af síðastnefndu fyrirtækjunum hafa sameiginlega þau réttindi eða völd sem tilgreind eru í a-lið,
- e) fyrirtæki þar sem þau réttindi og völd, sem eru tilgreind í a-lið, eru sameiginlega í höndum:

- i. samningsaðila eða tengdra fyrirtækja hvers þeirra um sig sem um getur í a- til d-lið eða
- ii. eins eða fleiri samningsaðila eða eins eða fleiri af tengdum fyrirtækjum þeirra, sem um getur í a- til d-lið, og eins eða fleiri þriðju aðila,

4. „samsteypur um samtryggingar“: hópar sem váttryggingafélög hafa stofnað til, ý mist beint eða fyrir milligöngu miðlara eða viðurkenndra umboðsmanna, þó ekki þegar um er að ræða sértæka samtryggingarsamninga á samningsáskriftarmarkaði, þar sem hluti tiltekinnar áhættu fellur undir aðalváttryggingafélag en aðrir hlutar áhættunnar falla undir váttryggingafélög sem sigla í kjölfarið og sem er falið að tryggja það sem út af stendur og
 - a) samþykkja að tryggja tiltekinn áhættuflokk í nafni og á ábyrgð allra þátttakenda eða
 - b) fela einu váttryggingafélagi, sameiginlegum miðlara eða sameiginlegri stofnun, sem er sérstaklega mynduð til þess, að sjá um váttryggingar í tilteknum áhættuflokki og umsýslu sem því tengist í nafni og á ábyrgð allra,

⁽¹⁾ Stjótið. EB L 1, 4.1. 2003, bls. 1.

5. „samsteypur um samendurtryggingar“: samsteypur sem váttryggingafélög hafa stofnað til, ýmist beint eða fyrir milligöngu miðlara eða viðurkenndra umboðsmanna, hugsanlega með aðstoð eins eða fleiri endurtryggingafélaga, þó ekki þegar um er að ræða sértæka samendurtryggingarsamninga á samningsáskriftarmarkaði, þar sem hluti tiltekinnar áhættu fellur undir aðalváttryggjanda en aðrir hlutar áhættunnar falla undir váttryggingafélög sem sigla í kjölfarið og er falið að tryggja það sem út af stendur og
- a) endurtryggja í sameiningu allar ábyrgðir sínar gagnvart tilteknum áhættuflokki,
- b) taka á sig, meðal annarra orða, ábyrgð á endurtryggingu sama áhættuflokks í nafni og fyrir hönd allra þátttakenda,
6. „nýjar áhættur“ eru:
- a) áhættur sem voru ekki til áður og útheimta því að þróuð sé alveg ný váttrygging gegn þeim sem felst þó ekki í því að váttrygging, sem fyrir er, sé rýmkuð, bætt sé við hana eða skipt um hana,
- b) í undantekningartilvikum getur þó áhætta talist ný áhætta þegar hlutlæg greining getur til kynna að eðli áhættunnar hefur breyst svo efnislega að ekki er ljóst fyrir fram hvaða samningsáskriftarskilyrði þarf að uppfylla til að tryggja gegn áhættunni,
7. „iðgjald frá kaupanda váttryggingar“: gjaldið sem kaupandi váttryggingar greiðir.
- i. útreiknings á meðalkostnaði við að tryggja gegn tiltekinni áhættu í fortíðinni (hér á eftir nefndir „samantektir“),
- ii. smíði á töflum yfir dánartíðni og töflum sem sýna tíðni sjúkdóma, slysa og örorku í tengslum við váttryggingu sem fela í sér fjármögnun (hér á eftir nefndar „töflur“),
- b) sameiginlega framkvæmd rannsókna á hugsanlegum áhrifum utanaðkomandi aðstæðna, sem hagsmunaaðilar ráða engu um, á fjölda bótakrafna eða það hversu háar þær verða í framtíðinni vegna tiltekinnar áhættu eða áhættuflokks eða á arðsemi mismunandi tegunda fjárfestinga (hér á eftir nefndar „rannsóknir“) og dreifingu á niðurstöðum þessara rannsókna.

3. gr.

Skilyrði fyrir undanþágu

1. Undanþágan, sem kveðið er á um í a-lið 2. gr., gildir, að því tilskildu að samantektirnar eða töflurnar:
- a) byggist á gagnasöfnun yfir nokkur áhættuár sem hafa verið valin sem úrtakstímabil og ná yfir nægilega margar tegundir áhættu af sömu eða sambærilegri gerð til að mynda grunn að tölfræðilegum athugunum, sem hægt er að vinna úr tölulegar upplýsingar um, m.a.:
- i. fjölda bótakrafna á fyrrnefndu tímabili,
- ii. fjölda einstakra tegunda áhættu sem tryggðar eru á hverju áhættuári úrtakstímabilsins,
- iii. samtals fjárhæð sem var greidd eða mátti greiða í bótum á tilteknu tímabili,
- iv. samtals váttryggingafjárhæð á hverju áhættuári úrtakstímabilsins,
- b) að þær feli í sér eins nákvæma sundurliðun á tiltækum, tölfræðilegum upplýsingum og telst tryggingafræðilega viðunandi,
- c) feli ekki í sér á nokkurn hátt álag vegna ófyrirséðra útgjalda, tekjur af varasjóðum, skrifstofu- eða rekstrarkostnað, skatta eða önnur gjöld, né taki tillit til tekna af fjárfestingum eða áætlaðs hagnaðar.
- II. KAFLI
- SAMEIGINLEGAR SAMANTEKTIR, TÖFLUR OG RANNSÓKNIR**
2. gr.
- Undanþága**
- Samkvæmt 3. mgr. 101. gr. sáttmálans og með fyrirvara um ákvæði þessarar reglugerðar gildir 1. mgr. 101. gr. sáttmálans ekki um samninga sem tvö eða fleiri félög á váttryggingasviði gera sín í milli að því er varðar:
- a) sameiginlegar samantektir og dreifingu upplýsinga sem nauðsynlegar eru vegna eftirfarandi:

2. Undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., gildir, að því tilskildu að samantektirnar, töflurnar eða rannsóknaniðurstöðurnar:

- a) innihaldi ekki nöfn hlutaðeigandi váttryggingafélaga eða váttryggingartaka,
- b) innihaldi, við samantekt og dreifingu, yfirlýsingu um að gögnin séu ekki bindandi,
- c) tilgreini ekki á neinn hátt hversu há iðgjöld til atvinnurekstrar eru,
- d) séu látin í té sérhverju váttryggingafélagi, sem óskar eftir afriti af þeim, með sanngjörnum skilmálum og án mismununar, þ.m.t. váttryggingafélög sem eru ekki starfandi á þeim landfræðilega markaði eða váttryggingamarkaði sem samantektirnar, töflurnar eða rannsóknaniðurstöðurnar vísa til,
- e) séu látin samtökum neytenda eða viðskiptavina í té með hæfilegum og sanngjörnum skilmálum og án mismununar ef þau fara fram á aðgang að þeim með sérstökum og nákvæmum hætti vegna ástæðu sem er rökstudd með viðhlítandi hætti, nema í þeim tilvikum þar sem leynd er rökstudd á hlutlægan hátt á grundvelli almannaöryggis.

4. gr.

Samningar sem undanþágan tekur ekki til

Undanþágur, sem kveðið er á um í 2. gr., gilda ekki ef samstarfsfélög mynda með sér samtök um eða skuldbinda sig til að nota ekki aðrar samantektir eða töflur en samþykkt hafa verið í samræmi við a-lið 2. gr. eða víkja ekki frá þeim rannsóknarniðurstöðum sem um getur í b-lið 2. gr. eða skylda önnur félög til þess.

III. KAFLI

SAMEIGINLEG TRYGGING GEGN TILTEKNUM TEGUNDUM ÁHÆTTU

5. gr.

Undanþága

Samkvæmt 3. mgr. 101. gr. sáttmálans og með fyrirvara um ákvæði þessarar reglugerðar skal 1. mgr. 101. gr. sáttmálans ekki eiga við um samninga sem tvö eða fleiri fyrirtæki, sem starfa á sviði váttrygginga, gera með sér hvað varðar stofnun og rekstur samsteypna fyrirtækja á sviði váttrygginga og

endurtrygginga vegna sameiginlegra trygginga sérstakra áhættuþátta í formi samtrygginga eða samendurtrygginga.

6. gr.

Beiting undanþágu og viðmiðunarmarkna fyrir markaðshlutdeild

1. Að því er varðar samsteypur um samtryggingar eða samendurtryggingar, sem eru myndaðar til þess að tryggja eingöngu gegn nýrri áhættu, gildir undanþágan, sem kveðið er á um í 5. gr., í þrjú ár frá stofndegi samsteypunnar án tillits til markaðshlutdeildar hennar.

2. Að því er varðar samsteypur um samtryggingar eða samendurtryggingar, sem falla ekki undir gildissvið 1. mgr., skal undanþágan, sem kveðið er á um í 5. gr., eiga við svo lengi sem þessi reglugerð er í gildi, að því tilskildu að sameiginleg markaðshlutdeild samstarfsfyrirtækja fari ekki yfir:

- a) hjá samsteypum um samtryggingu: 20 % af hvaða viðkomandi markaði sem er,
- b) hjá samsteypum um samendurtryggingu: 25 % af hvaða viðkomandi markaði sem er.

3. Við útreikning á markaðshlutdeild aðildarfyrirtækis á viðkomandi markaði skal taka tillit til eftirtalinna þátta:

- a) markaðshlutdeildir aðildarfyrirtækis innan viðkomandi samsteypu,
- b) markaðshlutdeildir aðildarfyrirtækis innan annarrar samsteypu á sama markaði og viðkomandi samsteypa er á, sem aðildarfyrirtækið á aðild að, og
- c) markaðshlutdeildir aðildarfyrirtækis á sama markaði og viðkomandi samsteypa er á, utan allra samsteypa.

4. Að því er varðar beitingu viðmiðunarmarkanna fyrir markaðshlutdeild sem kveðið er á um í 2. mgr. skulu eftirfarandi reglur gilda:

- a) markaðshlutdeildin skal reiknuð á grundvelli tekna af bókfærðu iðgjaldi; ef upplýsingar um tekjur af bókfærðu iðgjaldi liggja ekki fyrir má nota mat, byggt á öðrum áreiðanlegum markaðsupplýsingum, þ.m.t. váttryggingavernd sem veitt er eða váttryggingafjárhæð, til að ákvarða markaðshlutdeild hlutaðeigandi félags,

b) markaðshlutdeildin skal reiknuð út á grundvelli gagna frá næstliðnu almanaksári.

5. Ef upphaflega markaðshlutdeildin, sem um getur í a-lið 2. mgr., er ekki meiri en 20% en eykst eftir það án þess þó að fara yfir 25% gildir undanþágan, sem kveðið er á um í 5. gr., áfram samfellt næstu tvö almanaksár á eftir því ári þegar fyrst var farið yfir 20% markaðshlutdeild.

6. Ef upphaflega markaðshlutdeildin, sem um getur í a-lið 2. mgr., er ekki meiri en 20% en fer síðan yfir 25% gildir undanþágan, sem kveðið er á um í 5. gr., áfram næsta almanaksár á eftir því ári þegar fyrst var farið yfir 25% markaðshlutdeild.

7. Óheimilt er að sameina ávinning, sem fæst á grundvelli 5. og 6. mgr., þannig að tímabilið verði lengra en tvö almanaksár.

8. Ef upphaflega markaðshlutdeildin, sem um getur í b-lið 2. mgr., er ekki meiri en 25% en eykst eftir það án þess þó að fara yfir 30% gildir undanþágan, sem kveðið er á um í 5. gr., áfram samfellt næstu tvö almanaksár á eftir því ári þegar fyrst var farið yfir 25% markaðshlutdeild.

9. Ef upphaflega markaðshlutdeildin, sem um getur í b-lið 2. mgr., er ekki meiri en 25% en fer síðan yfir 30% gildir undanþágan, sem kveðið er á um í 5. gr., áfram í eitt almanaksár á eftir því ári þegar fyrst var farið yfir 30% markaðshlutdeild.

10. Óheimilt er að sameina ávinning, sem fæst á grundvelli 8. og 9. mgr., þannig að tímabilið verði lengra en tvö almanaksár.

7. gr.

Skilyrði fyrir undanþágu

Undanþágan, sem kveðið er á um í e-lið 5. gr., gildir, að því tilskildu að:

a) hvert aðildarfyrirtæki megi draga sig út úr samsteypunni með hæfilegum uppsagnarfresti án þess að það verði beitt viðurlögum,

b) reglur samsteypunnar kveði ekki á um að aðildarfyrirtækjum sé skylt að tryggja eða endurtryggja á vegum samsteypunnar, né um takmarkanir fyrir því að aðildarfyrirtæki tryggi eða endurtryggi utan samsteypunnar, að öllu leyti eða að hluta, vegna einhverrar þeirrar áhættu sem samsteypun tryggir,

c) reglur samsteypunnar takmarki ekki starfsemi samsteypunnar eða aðildarfyrirtækja hennar við váttryggingar eða endurtryggingar gegn áhættum á tilteknu landsvæði innan Evrópusambandsins,

d) samningurinn takmarki ekki framleiðslu eða sölu,

e) hvorki mörkuðum né viðskiptavinum sé úthlutað til félaga samkvæmt samningnum og

f) aðildarfyrirtæki samsteypu um samendurtryggingar geri ekki samning sín á milli um iðgjöld frá kaupendum váttrygginga sem þau innheimta sem frumtryggingu.

IV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

8. gr.

Aðlögunartímabil

Bann það sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 101. gr. sáttmálans gildir ekki á tímabilinu frá 1. apríl 2010 til 30. september 2010 að því er varðar samninga sem hafa öðlast gildi 31. mars 2010 og uppfylla ekki skilyrði fyrir undanþágu sem kveðið er á um í þessari reglugerð en sem uppfylla skilyrðin fyrir undanþágu sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 358/2003.

9. gr.

Gildistími

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. apríl 2010.

Hún fellur úr gildi 31. mars 2017.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. mars 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.